# Vífillstaðir Garðabæ

08 444

# Ársreikningur 2018

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Vífillstaðir Garðabæ er ríkisaðili í A-hluta.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 25 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 704,2 milljónir og afkoma kr. 0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 100,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Vífilstaða Garðabæ í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Vífilstaða Garðabæ fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 27. nóv. 2019

Staður, dags.

Forstöðumaður

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| | Skýr | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Tengdir aðilar ........ | | 100.900.000 | 76.900.000 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 100.900.000 | 76.900.000 |
| **Eignir samtals** | | 100.900.000 | 76.900.000 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hrein eign ........ | | 0 | 0 |
| **Eigið fé samtals** | | 0 | 0 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar ........ | | 100.900.000 | 76.900.000 |
| **Skuldir samtals** | | 100.900.000 | 76.900.000 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 100.900.000 | 76.900.000 |
| **Aðrar upplýsingar** | 4 | | |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Fjárheimildir ársins til rekstrar, rekstrartilfærslna og fjármagnstilfærslna eru færðar til tekna á árinu.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi fjárlagaliðarins hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.